**547. fundur bæjarstjórnar**
**haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, þriðjudaginn 18. febrúar 2025 og hófst hann kl. 17:00.**

**Fundinn sátu:**
Gylfi Ólafsson aðalmaður, Jóhann Birkir Helgason aðalmaður, Kristján Þór Kristjánsson aðalmaður, Nanný Arna Guðmundsdóttir varaformaður, Magnús Einar Magnússon forseti, Steinunn Guðný Einarsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Dagný Finnbjörnsdóttir, Elísabet Samúelsdóttir aðalmaður, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir bæjarstjóri og Þorbjörn Halldór Jóhannesson var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðmundur Ólafsson.
**Embættismenn:**
Arndís Dögg Jónsdóttir, skjalastjóri.

**Fundargerð ritaði:** Arndís Dögg Jónsdóttir, Skjalastjóri.

**Dagskrá:**

**1. Byggðakvóti fiskveiðiárið 2024-2025 - 2025010229**

Tillaga frá 1312. fundi bæjarráðs, þann 3. febrúar 2025, um að bæjarstjórn samþykki tillögur um sérreglur byggðakvóta Ísafjarðarbæjar.

Málið var tekið fyrir á 546. fundi bæjarstjórnar, þann 6. febrúar 2025, þar sem samþykkt varð að fresta málinu til næsta fundar bæjarstjórnar.

Eru nú tillögur um sérreglur byggðakvóta Ísafjarðarbæjar lagðar fram að nýju.

*Til máls tóku: Magnús Einar Magnússon, forseti, Jóhann Birkir Helgason, Kristján Þór Kristjánsson og Gylfi Ólafsson.*

*Gylfi Ólafsson lagði fram eftirfarandi bókun fyrir hönd Í- listans.*
*Við kjörnir fulltrúar eigum að standa vörð um öll störf, hvort sem er á sjó eða landi. Það er mikilvægt fyrir hagsmuni Ísafjarðarbæjar og útgerðarmanna að vinnslur haldi velli sem öflugar vinnslur með rætur í minni byggðarlögum. Ef sveigjanleiki löndunarskyldu, þ.e. innan sveitarfélags, styður rekstur fjölbreyttrar fiskvinnslu í sveitarfélaginu, eins og þróunin hefur verið síðustu ár, þá erum við fylgjandi því.*

*Forseti bar tillöguna upp til atkvæða.*

*Tillagan samþykkt 7-0.*
*Elísabet Samúelsdóttir og Kristján Þór Kristjánssonar sátu hjá við atkvæðagreiðslu.*

**2. Örútboð - Raforka 2025 - 2025010103**

Tillaga frá 1313. fundi bæjarráðs, sem haldinn var 10. febrúar 2025, um að bæjarstjórn samþykki að taka tilboði lægstbjóðanda vegna útboðs á raforku fyrir Ísafjarðarbæ, Fasteignir Ísafjarðarbæjar, Byggðasafn Vestfjarða og Hafnir Ísafjarðarbæjar.

*Til máls tóku: Magnús Einar Magnússon, forseti, og Gylfi Ólafsson.*

*Forseti bar tillöguna upp til atkvæða.*

*Tillagan samþykkt 9-0.*

**3. Mannréttindastefna Ísafjarðarbæjar 2025 til 2028 - 2025010102**

Tillaga frá 485. fundi velferðarnefndar, en fundur var haldinn þann 11. febrúar 2025, um að bæjarstjórn samþykki drög að mannréttindastefnu Ísafjarðarbæjar 2025-2028 ásamt drögum að gátlista með mannréttindastefnunni.

*Til máls tók: Magnús Einar Magnússon, forseti.*

*Forseti bar tillöguna upp til atkvæða.*

*Tillagan samþykkt 9-0.*

**4. Fundir bæjarstjórnar 2022-2026 - 2022050136**

Tillaga forseta bæjarstjórnar um breytingu á dagsetningu fundar bæjarstjórnar, þannig að fundað verði þriðjudaginn 18. mars í stað 20. mars, vegna Landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem haldið verður 20. mars 2025. í Reykjavík.

*Til máls tóku: Magnús Einar Magnússon, forseti, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, bæjarstjóri, og Elísabet Samúelsdóttir,*

*Forseti bar tillöguna upp til atkvæða.*

*Tillagan samþykkt 9-0.*

**5. Viðaukar við fjárhagsáætlun 2025 - 2025020006**

Tillaga frá 1313. fundi bæjarráðs, en fundur var haldinn þann 10. febrúar 2025, um að bæjarstjórn samþykkja viðauka 01 við fjárhagsáætlun Ísafjarðarbæjar 2025 vegna sölu Fasteigna Ísafjarðarbæjar ehf. á íbúðum á Þingeyri og Suðureyri til Brákar sem tekinn var fyrir á 107. fundi stjórnar Fasteigna Ísafjarðarbæjar þann 3. febrúar síðastliðinn.

Áhrif viðaukans á rekstrarniðurstöðu samstæðu Ísafjarðarbæjar er kr. 220.000.000,-
Áhrif viðaukans á sveitasjóð A hluta er kr. 0 er rekstrarafgangur því óbreyttur í kr. 223.000.000,-.
Áhrif viðaukans á samantekin A og B hluta er kr. 220.000.000,- og rekstrarafgangur hækkar því úr kr. 775.000.000,- í kr. 995.000.000,-

*Til máls tók: Magnús Einar Magnússon, forseti og Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, bæjarstjóri.*

*Forseti bar tillöguna upp til atkvæða.*

*Tillagan samþykkt 9-0.*

**6. Frístundastyrkir - 2024110087**

Tillaga frá 18. fundi skóla-, íþrótta- og tómstundanefnd, en fundur var haldinn 4. febrúar 2025, um að bæjarstjórn samþykki reglur um frístundastyrk í Ísafjarðarbæ.

*Til máls tóku: Magnús Einar Magnússon, forseti, Dagný Finnbjörnsdóttir, Nanný Arna Guðmundsdóttir og Kristján Þór Kristjánsson.*

*Dagný Finnbjörnsdóttir vék af fundi kl: 17:25, vegna vanhæfis undir liðum 6-7.*
*Forseti bar tillöguna upp til atkvæða.*

*Tillagan samþykkt 8-0.*

**7. Uppbyggingasamningar 2025 - 2024090090**

Tillaga frá 18. fundi skóla-, íþrótta- og tómstundanefnd, en fundur var haldinn 4. febrúar 2025, um að gerðir verði uppbyggingarsamningar við eftirfarandi félög. Heildarupphæð úthlutunar er 15.000.000. Nefndin leggur til að upphæðin skiptist eftirfarandi: Golfklúbburinn Gláma: Upphæð 895.748 kr. Bætt aðstaða, smíð á palli um húsið. Skotíþróttafélag Ísafjarðar: Upphæð 5.329.252kr. Skipta út ljósum, mála veggi og gólf með epoxy og endurnýja varmadælu. Skíðafélag Ísfirðinga- Alpagreinar: Upphæð 1.500.000 kr. Aðstaða við Miðfellslyftu, innréttingar í nýja aðstöðu félagsins Skíðafélag Ísfirðinga - skíðaganga: Upphæð 1.200.000 kr. Kaup á tromlu og spora fyrir snjósleða. Knattspyrnudeild Vestra: Upphæð 2.575.000 kr. Fyrsti hluti sjoppubyggingar á stúku við Torfnes. Golfklúbbur Ísafjarðar: Upphæð 3.500.000 kr. Lagfæra og bæta við stíga.

*Til máls tóku: Magnús Einar Magnússon, forseti og Nanný Arna Guðmundsdóttir.*
*Forseti bar tillöguna upp til atkvæða.*

*Tillagan samþykkt 8-0.*

**8. Bæjarráð - 1313 - 2502004F**

Lögð fram til kynningar fundargerð 1313. fundar bæjarráðs sem haldinn var 10. febrúar 2025.

Fundargerðin er í 12 liðum.

*Til máls tók: Magnús Einar Magnússon, forseti.*

*Dagný Finnbjörnsdóttir kom aftur til fundar 17:30.*

*Lagt fram til kynningar.*

**9. Hafnarstjórn - 259 - 2502006F**

Lagður fram til kynningar 259. fundur hafnarstjórnar sem haldinn var 13. febrúar 2025.

Fundargerðin er í sjö liðum.

*Til máls tóku: Magnús Einar Magnússon, forseti og Jóhann Birkir Helgason.*

*Lagt fram til kynningar.*

**10. Skóla-, íþrótta- og tómstundanefnd - 18 - 2501025F**

Lögð fram til kynningar fundargerð 18. fundar skóla-, íþrótta og tómstundanefndar sem haldinn var 4. febrúar 2025.

Fundargerð er í sex liðum.

*Til máls tók: Magnús Einar Magnússon, forseti.*

*Lagt fram til kynningar.*

**11. Umhverfis- og framkvæmdanefnd - 153 - 2501029F**

Lögð fram til kynningar fundargerð 153. fundar umhverfis- og framkvæmdanefndar frá 05. febrúar 2025.

Fundargerðin er í sex liðum.

*Til máls tók: Magnús Einar Magnússon, forseti.*

*Lagt fram til kynningar.*

**12. Velferðarnefnd - 485 - 2501022F**

Lögð fram til kynningar fundargerð 485. fundar velferðanefndar en fundur var haldinn 11. febrúar 2025.

Fundargerðin er í sex liðum.

*Til máls tók: Magnús Einar Magnússon, forseti.*

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 17:36**

| | |
|---|---|
| Gylfi Ólafsson | Jóhann Birkir Helgason |
| Kristján Þór Kristjánsson | Nanný Arna Guðmundsdóttir |
| Magnús Einar Magnússon | Dagný Finnbjörnsdóttir |
| Elísabet Samúelsdóttir | Sigríður Júlía Brynleifsdóttir |
| Guðmundur Ólafsson | Arndís Dögg Jónsdóttir |